

HAUKUR ÞORGEIRSSON

## Z-TEXTI LAXDÆLA SÖGU – TEXTAFRÆÐILEG TILRAUN

LAXDÆLA SAGA er varðveitt í mörgum handritum og skiptast þau í y-flokk og z-flokk. Allar útgáfur á sögunni hingað til hafa grundvallast á Möðruvallabók sem er af y-flokki. Hins vegar hefur z-textinn aldrei verið gefinn út í heild. Af z-flokknum eru nokkur brot á skinni en auk þess heil pappírshandrit. Markmið þessarar athugunar er að meta gæði þriggja þessara pappírshandrita og skoða leiðir til að gefa út z-textann á grundvelli þeirra. Þetta er gert hér með því að skoða þann textabút sem varðveittur er í elsta skinnbroti sögunnar, D<sub>2</sub>-brotinu frá síðari hluta 13. aldar. Texti þess brots er borinn saman við texta fimm handrita sem hafa textagildi og varðveita söguna í heild, þar af eru þrjú pappírshandrit z-flokksins. Í ljós kemur að eitt þessara handrita, AM 158 fol., stendur nær textanum í elsta brotinu en ætla mátti af orðum fyrri rannsakenda og að vel er hægt að gefa söguna út eftir því þannig að nálægt fari 13. aldar texta. Til að setja þessa rannsókn í samhengi er hér fyrst gefið yfirlit um fyrri útgáfur og helstu textafræðilegar athuganir á Laxdæla sögu og reynist þar 19. öldin fyrirferðarmest.

### Kaupmannahafnarútgáfan og útgáfa Guðbrands Vigfússonar

Laxdæla saga birtist fyrst á prenti 1826 í útgáfu Árnanevndar ásamt þýðingu á latínu eftir Þorleif Repp.<sup>1</sup> Textinn var tekinn eftir Möðruvallabók, eina skinnhandritinu sem geymir söguna heila. Í formála eru nokkur önnur handrit nefnd en ekki gerð tilraun til að meta gildi þeirra eða samband. Allnokkrir leshættir eru prentaðir neðanmáls í útgáfunni en yfirleitt án þess að þess sé getið hverjir séu úr hvaða handritum. Sagan var aftur prentuð á Akureyri 1867 en eftir Kaupmannahafnarútgáfunni og án nýrra textafræðilegra athugana.<sup>2</sup>

- 1 *Laxdæla-saga sive Historia de rebus gestis Laxdölensium*, útg. Gunnlaugur Oddsson, þýð. Þorleifur Repp (Kaupmannahöfn: Árnanevnd, 1826).
- 2 *Laxdæla saga og Gunnars þáttur Þiðrandabana*, útg. Jón Þorkelsson (Akureyri: Björn Jónsson, 1867).

Guðbrandur Vigfússon gaf út hluta Laxdæla sögu í bókinni *An Icelandic Prose Reader* árið 1879.<sup>3</sup> Hér var að finna mikilsvert framlag til textafræði sögunnar. Prentaður var texti handritsins AM 309 4to svo langt sem hann nær en þar er varðveittur síðasti þriðjungur sögunnar. Guðbrandur taldi þennan texta hafa yfirburði yfir texta Möðruvallabókar sem hann kallar „textus receptus“:

That it yields the best foundation for the portion of the Saga which it covers, a comparison with the textus receptus will amply prove. It is probably more correct, but it certainly possesses a greater charm of style, a better choice of words, a more graceful phrasing, and freer flow of language.<sup>4</sup>

Handritið 309 var skrifað 1498 en Guðbrandur bendir réttilega á að það varðveitir nauðalíkan texta og mun eldra brot, AM 162 E fol., á þeim kafla sem varðveittur er í báðum handritunum:

That it is an old text as well as a good text may be proved by the existence of a fragment of a vellum of Laxdæla, written by the scribe of Stock. MS. 20 [Holm perg. 18 4to?] [Holm perg. 18 4to?] at least 220 years before AM. 309 was penned, which gives a text agreeing word for word with the 15th-century MS.<sup>5</sup>

Guðbrandur notar einnig AM 158 fol., ritað um miðja 17. öld af Þorsteini á Útskálum, til að bæta við nokkrum blaðsíðum af texta framan við þann sem varðveittur er í 309. Um texta Þorsteins segir hann þetta:

Down to this asterisk we have used the paper MS. AM. 158, part of a large folio in double columns into which Thorstein Björnsson, priest of Útskala in Reykjanes (1638–60), had copied several Sagas. It is neatly written in a characteristic cursive hand in modern spelling, and appears to be copied from several sources, but excepting the portion here made use of, which must have been taken from a M. of the best type (perhaps a *sister* of AM. 309, if not

3 *An Icelandic Prose Reader*, útg. Guðbrandur Vigfússon og Frederick York Powell (Oxford: Clarendon Press, 1879).

4 Sama rit, 346.

5 Sama rit, 346.

that very vellum when more complete), it is derived from inferior texts.<sup>6</sup>

Guðbrandur gefur út 44–78. kafla Laxdæla sögu<sup>7</sup> eftir 309 og 158 en hann notar Möðruvallabók til uppbóta þar sem meginhandritin eru ólæsileg eða virðast hafa afbakaðan texta.

## Útgáfa Kálunds

Árin 1889–91 gaf Kristian Kálund út Laxdæla sögu með vísindalegum hætti eftir ítarlega rannsókn á handritunum.<sup>8</sup> Sagan er varðveitt í fjölmörgum handritum og Kálund gerir býsna metnaðarfulla tilraun til að greiða úr sambandi þeirra og gildi.

Laxdæla saga er nú aðeins varðveitt heil í einu skinnhandriti, Möðruvallabók (M, AM 132 fol.). Fram á 18. öld var sagan einnig til heil í öðru skinnhandriti, Vatnshyrnu. Vatnshyrna varð eldinum í Kaupmannahöfn að bráð 1728 en varðveitt er vönduð uppskrift Ásgeirs Jónssonar af Laxdælutexta hennar (V, ÍB 225 4to). Kálund segir réttilega að M og V hafi skyldan texta og kallar þann flokk handrita sem þau tilheyra y-flokk. Í sama flokki er einnig brotið D<sub>1</sub> (fimm blöð frá um 1300 í AM 162 D fol.) og kafla úr Laxdælu sem tekinn hefur verið upp í Þórðar sögu hreðu í hinni svokölluðu Gervi-Vatnshyrnu (AM 564 a 4to, frá um 1400). Höfuðeinkenni y-flokksins er að þar er Bolla þætti bætt við söguna. Að vísu er ekki hægt að staðfesta að Bolla þáttur hafi verið í D<sub>1</sub> en hann er sannarlega bæði í M og V.

Annan meginflokk handrita sögunnar kallar Kálund z-flokk og honum tilheyra fjögur brot á skinni. Þar á meðal er AM 309 4to, átta blöð frá 1498, sem Guðbrandur notaði í sinni útgáfu. Það handrit kallar Kálund C. Eldra brotið sem Guðbrandur benti á að hefði líkan texta kallar Kálund E og eru það fimm blöð frá um 1300 í AM 162 E fol. Einnig af z-flokki er elsta brotið, D<sub>2</sub> (AM 162 D fol.), en það er eitt blað frá seinni hluta 13. aldar. Loks eru tvö skert blöð frá um 1400 í handritinu Stock. perg. 10 8vo, IX og það brot kallar Kálund S. Auk þess eru kaflar úr Laxdæla sögu teknir upp í konungasögur og teljast þau handrit einnig til z-flokks.

6 Sama rit, 347.

7 Allar útgáfur Laxdæla sögu sem skipta máli hér nota sama kaflatal, byggt á Möðruvallabók.

8 *Laxdæla saga*, útg. Kr. Kálund (Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, 1889–91).

Kålund lét sér ekki nægja að rannsaka skinnhandritin heldur gerði einnig nokkuð ítarlega úttekt á pappírshandritum. Hann taldi að pappírshandrit y-flokksins væru öll komin af V eða M en það er greinilega ekki ályktun sem dregin er í fljótfærni því að hann reynir að greina samband þeirra í nokkrum smáatriðum og heimfæra í ættarskrá sína. Má Kålund teljast á undan sinni samtíð í því að gera yfirgripsmikla athugun á slíku.

Til eru pappírshandrit af z-flokki sem geyma söguna í heild og Kålund rannsakaði fjögur þeirra með ítarlegum hætti. Fremst taldi hann AM 158 fol. og AM 123 fol. Sem fyrr segir var það Þorsteinn Björnsson á Útskálum sem ritaði AM 158 fol., stórt sagnahandrit, um miðja 17. öld. Um tengsl textans við C (309) er Kålund afdráttarlausari en Guðbrandur:

Håndskriftet viser sig fra hvor det kan jævnføres med C som en, vistnok direkte, afskrift af dette fragment (se noten til 205<sub>23</sub>) og er utvivlsomt taget på en tid, da C endnu var fuldstændig, så at også membranens første del i afskrift findes bevaret her.<sup>9</sup>

Guðbrandur taldi að textinn í 158 væri aðeins að hluta úr C en Kålund telur að allur textinn sé þaðan. Þó tekur Kålund að nokkru leyti undir þá hugmynd Guðbrands að textinn í C sé misgóður:

hele Laksdøla saga synes dog skrevet med en og samme hånd med undtagelse af stykket bl. 50vb–54vr, (132<sub>21</sub> ór grjóti – 163<sub>10</sub> á því), der også ved sine fejllæsninger stikker af mod det øvrige.<sup>10</sup>

Kålund telur að þessi slæmi kafli endi í línu 10 á bls. 163 í hans eigin útgáfu. Það sem Guðbrandur prentar úr 158 hefst hins vegar í línu 19 á bls. 184 sé miðað við útgáfu Kålunds og má skilja Guðbrand þannig að allt sem á undan fari í 158 sé síðra.

Víkur nú sögunni að hinu pappírshandritinu sem Kålund taldi í fremstu röð í z-flokknum en það er AM 123 fol. Arnór Eyjólfsson á Flókastöðum ritaði bókina og við niðurlag Laxdæla sögu hefur hann sett ártalið 1664. Handritið inniheldur núna Laxdæla sögu, Eyrbyggja sögu og upphaf Kjalnesinga sögu en það var áður hluti af stærri bók með fleiri Íslendingasögum og riddarasögum. Kålund notaði einnig AM 124 fol. við

9 Sama rit, xxvii.

10 Sama rit, xxvii.

útgáfuna en nefnir í formála að það hafi ekki haft það gildi sem vænst var í upphafi. Jón Ólafsson (1644–1718) í Fellsmúla ritaði 124 og það hefur ef til vill ýtt undir áhuga Kálunds á handritinu að í því er seðill með hendi Árna Magnússonar þar sem þetta stendur:

Laxdæla saga. Er víða ódrúvis enn almennilegar, og sumstadar rett, þar sem fra hinum vikur. Hun er öfæd deriverud ur fragmento membraneo in 4to, sem eg ä, hvar ä er framan af Eyrbyggja sögu, og ur Grettis sögu. Þetta exemplar er med hendi Sr Jons Olafssonar i Fellsmula.<sup>11</sup>

Þarna sést hvað Árni Magnússon var glöggur textafræðingur. Með hinum „almennilegu“ Laxdæla sögum á Árni ugglaustr við y-texta sögunnar enda eru þau handrit mörg. Hann hefur áttað sig á því að 124 er af öðrum handritaflokkum sem hefur sjálfstætt gildi. Hann hefur jafnframt séð að textinn er skyldur brotinu í AM 309 4to og hefur trúlega rétt fyrir sér að textinn í 124 sé runninn frá 309, að minnsta kosti að hluta til.

Um 124 segir Kálund í útgáfu sinni að það „[s]temmer nöje med 123, men står tilbage for dette håndskrift ved flere ufrivillige afvigelser og unøjagtigheder“.<sup>12</sup> Miðað við þessa lýsingu er nærtækt að álykta að 124 sé ritað eftir 123 og það kemur einnig vel heim við alla staði í þessum handritum sem ég hef sjálfur athugað. Í textabrotinu sem hér er rannsakað er fyrsta verulega fráviknið milli 123 og 124 að þar sem 123 hefur „með fögrum orðum“ hefur 124 „með mörgum fögrum orðum“. Hér er texti 123 í samræmi við hin handritin en 124 hefur nýjung. Ég þekki engin álik dæmi á hinn veginn.

Annað handrit sem Kálund segir skylt 123 og 124 er AM 554 d 4to, verk óþekkt skrifara á seinni hluta 17. aldar. Af stemma Kálunds er svo að sjá að handrit þetta hafi sjálfstætt gildi en hann fer heldur ófögrum orðum um það í formálanum:

Står 123–24 nær, men er så godt som værdiløs ved sine talrige forbigåelser, vilkårligheder og tåbelige tankeløsheder.<sup>13</sup>

11 AM 124 fol., seðill fremst í bókinni.

12 *Laxdæla saga*, útg. Kálund, xxvii.

13 Sama rit, xxvii.

Á seðli í 554 er að finna athugasemd Árna Magnússonar um texta handritsins:

Er grei, er þö ei eins og þær almennilegu. Endast eins og Jons Arnorssonar. Jtem stendr þar i, ad Gudrun reiste ad tvimanade inn i Dale. Hun er i fyrstu deriverud ur því fragmento i 4to, er eg ä.<sup>14</sup>

Árni hefur ályktað að handritið sé komið af AM 309 4to. Þar er tvímánudur nefndur við upphaf 59. kafla en hans er ekki getið í handritum y-flokksins. Af seðli í Laxdæluhandritinu AM 127 fol. að dæma fékk Árni það handrit frá Jóni Arnórssyni (1665–1726). Það handrit er hins vegar komið af Möðruvallabók og vandséð að það eigi neitt sérstakt sameiginlegt með 554. Hugsanlega hefur Árni villst á Jóni Arnórssyni og Jóni Ólafssyni og ætlað að segja, réttilega, að 554 líkist 124.

Loks notaði Kålund handritið ÍB 226 4to frá um 1700 en það hafði, eins og 124, ekki það gildi sem hann vænti í upphafi. Hann lýsir handritinu svo:

Arkaiserende retskrivning. Står 158 nærmest uden dog at være en afskrift af dette, men er i enkeltheder påvirket af andre kilder (har sål. indskud fra Landnáma og kongesagaerne), muligvis undertiden af et V-håndskrift.<sup>15</sup>

Náskykt 226 segir Kålund handritið Thott 976 fol. og raunar sé það síðar-nefnda betra.<sup>16</sup> Kålund segir að Arngrímur Jónsson hafi í Crymogæu notast við handrit með texta skyldan 226<sup>17</sup> en tekur engin dæmi því til stuðnings. Ýmis önnur pappírshandrit z-flokksins eru tínd til í útgáfunni en greinilegt er að Kålund telur þau standa 158 að baki. Einnig nefnir hann nokkur pappírshandrit frá 17. öld og síðar með blendingstexta sem runninn er ýmist frá y-flokknum eða z-flokknum. Það er til marks um vandvirkni Kålunds að hann hafi áttað sig á þessum blendingi því að byrjun sögunnar í þessum handritum hefur hreinan y-texta, væntanlega runninn frá M, og hefðu sjálfsgagt margir látið duga að flokka þau þeim megin án frekari athugunar.

Þegar kom að því að velja megintexta fyrir kritíska útgáfu ákvað Kålund að leggja M til grundvallar. Það er mjög eðlilegt val enda er M gott handrit

14 AM 554 d 4to, seðill fremst í bókinni.

15 *Laxdæla saga*, útg. Kålund, xxvii.

16 Sama rit, xxviii.

17 Sama rit, xvii–xviii.

og langelst allra heilla handrita. Hins vegar taldi Kålund að z-handritin hafi einnig mikið upp á að bjóða og að í þeim séu oft leshættir sem „ved indre klarhed viser sig som oprindelige“.<sup>18</sup> Hann hefði raunar heldur viljað leggja z-handrit til grundvallar ef gömlu handritin af þeim flokki væru í heilu lagi:

z-håndskrifterne synes også, hvor ingen forvanskning i y foreligger, at have fortrinet i henseende til stil og sprog, så at, hvis D2 eller E (muligvis også S) – eller pålidelige afskrifter heraf – forelå uden defekter, disse rimeligvis burde lægges til grund for udgaven.<sup>19</sup>

Hins vegar taldi Kålund að eins og z-textinn sé varðveittur sé hann illur kostur til útgáfu og öfugt við Guðbrand telur Kålund að M hafi betri texta en C:

For C.s vedkommende stiller forholdet sig noget anderledes, idet sproget i dette så meget yngre håndskrift allerede har tabt i klassicitet og formen næppe bevaret sin fulde oprindeligheid; desuden er også denne membran kun delvis bevaret. Papirhåndskrifterne af z-klassen er som tidligere berørt alle upålidelige; og tilmed kun af C lader direkte afskrifter sig med absolut pålidelighed påvise. En udgivelse af sagatekster efter ukontrollerede papirafskrifter kan kun blive en nødhjælp på grund af de dermed forbundne særlige vanskeligheder.<sup>20</sup>

Hér má það heita í samræmi við tíðarandann að aldur handritanna litar mjög mat útgefandans á gæðum þeirra og notagildi. Í útgáfunni tekur Kålund ítarlegan orðamun úr skinnhandritunum en lætur duga að taka orðamun úr pappírshandritum z-flokksins þegar þar er eitthvað efnislega á annan veg en í hinum handritunum.

Loks verður að geta þess að Kålund tekur upp í aðaltexta sinn margt úr hinum handritunum þegar hann telur þau hafa betri eða upphaflegri lesháttu en Möðruvallabók. Þetta gerir hann ekki síst þegar V ber saman við z-handritin gegn M enda má þá vænta miðað við ættartré handrita að leshættir M séu yngri tilbrigði. Enn fremur tekur Kålund gjarna upp úr

18 Sama rit, xxxiv.

19 Sama rit, xxxv.

20 Sama rit, xxxv.

z-textanum setningar sem hann telur að hafi verið stytta út í y-textanum. Útkoman er því nokkuð metnaðarfull tilraun til að nota vitnisburð allra handritanna til að færa lesandanum sem bestan texta. Kålund prentaði megintexta sinn aftur í útgáfu með skýringum á þýsku 1896 en eykur þar ekki við nýjum textafræðilegu rannsóknum.<sup>21</sup>

## Yngri rannsóknir og útgáfur

Útgáfa Kálunds reyndist mörgum seinni útgefendum notadriúg og engin heildarrannsókn hefur verið gerð á handritum sögunnar síðan á hans dögum. Ýmsar útgáfur hafa þó litið dagsins ljós og textafræði sögunnar hefur þokast svolítið áfram með minni athugunum á einstökum atriðum.

Valdimar Ásmundarson gaf Laxdæla sögu út 1895 og notaðist þá við útgáfu Kálunds.<sup>22</sup> Hann fylgir þó ekki megintexta fyrirrennara síns gagnrýnislaust heldur breytir til „á stöku stað, einkum þar sem álitid var, að handrita orðamunrinn neðanmáls væri réttari“.<sup>23</sup> Benedikt Sveinsson fylgdi einnig Kålund í útgáfu sinni 1920 en bendir á dæmi þar sem hann telur C hafa fyllsta og besta textann.<sup>24</sup> Eins og Valdimar velur Benedikt stundum orðamun sem Kålund birtir fram yfir megintexta hans. Bæði Valdimar og Benedikt bergmála þá skoðun Kálunds að það sé varla mögulegt að gefa söguna í heild út eftir z-handritum.

Árið 1934 gaf Einar Ól. Sveinsson út Laxdæla sögu í ritröðinni Íslenzk fornrit.<sup>25</sup> Hann notast að mestu við útgáfu Kálunds en kannar sjálfur handritid ÍB 226 4to og nýtir sér rannsóknir sem Sigurður Nordal og Jón Helgason höfðu unnið á Laxdæluköflum í Bæjarbók á Rauðasandi.<sup>26</sup> Í matinu á C fer Einar Ólafur miðja vegu milli Guðbrands og Kálunds og segir umdeilanlegt hvort textinn þar sé betri en í M.<sup>27</sup> Athyglisvert er einnig það sem Einar segir um líkindi M við elsta brotið D2:

21 *Laxdæla saga*, útg. Kr. Kålund, Altnordische Saga-Bibliothek 4, (Halle a. S.: Niemeyer, 1896).

22 *Laxdæla saga*, útg. Valdimar Ásmundarson (Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1895).

23 Sama rit, v.

24 *Laxdæla saga*, útg. Benedikt Sveinsson (Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1920), xi.

25 *Laxdæla saga*, útg. Einar Ól. Sveinsson, Íslenzk fornrit V, (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1934).

26 Sama rit, lxxviii.

27 Sama rit, lxxx.



Að þessu athuguðu er einsætt að leggja M til grundvallar útgáfunni, enda er það ekkert neyðarúrræði. Er hægst að ganga úr skugga um það með því að bera texta M saman við D<sub>2</sub>. Orðlag er firna líkt. Auðvitað er blær M nokkru unglegri, en þó hinn fegursti. Það er fullyrðandi, að M sé miklu nær frumtextanum en *zpap*.<sup>28</sup>

Einar Ólafur leitast við að nálgast frumtextann með því að taka það sem sameiginlegt er í VZ fram yfir texta M í ríkari mæli en Kálund gerði. Hann er þó ekki fyllilega sjálfum sér samkvæmur í þessu. Dæmi um það má finna í 57. kafla þar sem Þorkell Eyjólfsson er kallaður „frægr maðr“ í Möðruvallabók en „enn frægsti maðr“ í V og C. Hér velur Kálund VZ-textann en Einar Ólafur M-textann. Seinni útgefendur sögunnar hafa einkum stuðst við útgáfur Kálunds og Einars Ólafs.

Meðal fræðimanna sem hafa drepit nokkuð á textafræði Laxdæla sögu verður að nefna Jakob Benediktsson. Hann kannaði heimildir þær sem Arngrímur Jónsson notaði í ritum sínum á öndverðri 17. öld. Niðurstaða hans var að það sem Arngrímur notaði úr Laxdæla sögu hefði hann haft úr Vatnshyrnu en Kálund hafði áður haldið því fram að Arngrímur hafi haft handrit skylt ÍB 226 4to. Hér er niðurstaða Jakobs mun sennilegri.<sup>29</sup>

Jónas Kristjánsson ritaði grein um ummæli Guðrúnar Ósvífursdóttur um tólf álna garn og víg Kjartans. Hann víkur þar svolítið að textafræði sögunnar og segir þetta:

Ekki verður sagt að Kálund geri fullnægjandi grein fyrir handritum z-flokksins, og þyrfti að kanna betur skyldleika þeirra innbyrðis og við skinnbókabrotin.<sup>30</sup>

Jónas leggur sjálfur svolítið af mörkum því að hann bendir á að í rannsókn sinni á handritum Svarfdæla sögu hafi hann komist að því að texti Svarfdæla sögu í ÍB 226 4to sé skrifaður eftir Thott 976 fol og telur líklegt að svo sé einnig um texta Laxdæla sögu í þessum handritum.<sup>31</sup> Þetta er

28 Sama rit, lxxx.

29 Jakob Benediktsson. *Arngrimi Jonae Opera Latine conscripta IV, Introduction and Notes*, Bibliotheca Arnarnagnæana 12 (Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1957), 96.

30 Jónas Kristjánsson, „Tólf álna garn“, *Festskrift til Ludvig Holm-Olsen*, 207–14, (Øvre Ervik: Alvheim & Eide, 1984), 207. Jónas bregst við kenningum Ólafs Halldórssonar um sama stað í sögunni. Ólafur Halldórsson, „Morgunverk Guðrúnar Ósvífursdóttur“, *Skírnir* 147 (1973): 125–28.

31 Jónas Kristjánsson, „Tólf álna garn“, 208.

að öllum líkindum rétt og raunar er það í góðu samræmi við þau ummæli Kálunds að 976 sé „nøjtigere“ en 226.<sup>32</sup>

Í annarri grein um fleyg ummæli Guðrúnar Ósvífursdóttur nefnir Jonna Louis-Jensen að útgáfa á z-textanum sé í vinnslu við Árnasafn.<sup>33</sup> Ég talaði við Jonnu 8. október 2021 til að forvitnast um þetta en niðurstaðan var að engin drög að slíkri útgáfu væri að finna í Kaupmannahöfn.

Wilhelm Heizmann gerði rannsókn á leshætti í Laxdæla sögu sem hefur líkindi við setningu í *Moralia in Iob* eftir Gregorius mikla. Þetta gerði hann svo gaumgæfilega að hann kannaði lesháttinn í öllum handritum sögunnar sem hann hafði spurnir af og voru það mun fleiri handrit en Kálund notaði. Skrá hans yfir handrit og lesháttu er hin nýtilegasta. Í henni hafa z-handritin sem Kálund lýsti ýmist lesháttinn sem Heizmann kallar [3] eða þann sem hann kallar [4]. Engin handrit sem Kálund voru ókunn hafa þessa lesháttu.<sup>34</sup> Virðist því líklegt að Kálund hafi ekki misst af neinum pappírshandritum með hreinan z-texta í sinni athugun.

Bára Yngvadóttir skrifaði BA-ritgerð þar sem hún bar saman E (AM 162 E fol.) og C (AM 309 4to). Niðurstaða hennar var þessi:

Miðað við aldursákvarðanir handritanna og öldungis líka stafsetningu, orðmyndir, orðaröð og innihald texta þykir mér það vera líklegt að AM 309 4to sé eftirrit AM 162 E.<sup>35</sup>

Þessi niðurstaða er í góðu samræmi við athuganir Guðbrands og Kálunds.

Það nýjasta sem ég þekki um textafræði Laxdæla sögu er í bók eftir Yves Lenzin sem ég hafði reyndar ekki kost á að lesa fyrir en við síðustu endurskrif minnar eigin rannsóknar. Lenzin kannar söguna frá ýmsum sjónarmiðum og hugar ekki síst að aðstæðum og afstöðu höfundarins. Hann notar pappírshandrit z-textans til samanburðar við Möðruvallabók og er honum sérstaklega hugað um að sýna fram á að þau atriði sem hann telur mikilvægust fyrir sínar kenningar komi fram í báðum textaflokkum. Það eru lofsverð vinnubrögð. Til að kanna áreiðanleika z-handritanna ber

32 Kálund, xxviii.

33 Louis-Jensen, Jonna, „A Good Day’s Work“, *NOWELE*, 21–22 (1993), 267–81, 279.

34 Wilhelm Heizmann, „Kannte der Verfasser der Laxdæla saga Gregors des Grossen *Moralia in Iob*?“ *Opuscula* 10 (2000), 194–207, 203–4.

35 Bára Yngvadóttir, *Forrit og eftirrit: Handritin AM 162 E fol. og AM 309 4to bori saman* (BA-ritgerð við Háskóla Íslands, 2003), 12.

hann þrjú þeirra saman við brotið  $D_2$  en það eru ÍB 226 4to, AM 158 fol. og AM 113 8vo. Niðurstaða hans er að 158 fari næst brotinu en 226 fjærst og 113 liggi þar á milli.<sup>36</sup>

## Um útgáfu z-textans


Þegar hugað er að útgáfu z-textans er fyrst rétt að athuga hversu stór hluti sögunnar er varðveittur í hverju handriti fyrir sig. Drýgsta skinnbrotið er C og þar má finna um 29% sögunnar. Í eldra brotinu E eru um 15% af sögunni. Brotin S og  $D_2$  hafa mun minni texta –  $D_2$  hefur um 1,3% sögunnar og S um 1,9%. Brotið E skarast að nokkru leyti við C og S. Þegar tekið er tillit til þess telst mér til að tæplega 43% sögutextans sé til í skinnbrotum z-flokksins.<sup>37</sup> Hægt væri að hækka þessa tölu lítillega með því að telja með textabúta úr Laxdæla sögu sem finna má í skinnhandritum konungasagna – þeir eru þó nokkuð umskapaðir enda hafa þeir verið felldir inn í nýtt samhengi.

Þegar z-textinn verður gefinn út í heild verður ekki hjá því komist að styðjast við ung handrit um meira en helming textans. Öll sagan er varðveitt í AM 158 fol. sem hefur greinilega textagildi. Önnur pappírshandrit með líkan texta eru Holm papp. 23 4to, ÍB 45 fol., AM 113 8vo, ÍB 226 4to og Thott 976 fol. Ég hef ekki fundið nein sannfærandi dæmi um að þessi handrit hafi betri leshátt en 158 og vænti þess að þau séu öll komin af 158, raunar öll af sömu uppskrift af 158 því að þau hafa margar sameiginlegar villur. Ég hef þó haft dálítið gagn af AM 113 8vo til að átta mig á torlesnum stöðum í 158.

Oft hafa AM 123 fol. og AM 554 d 4to betri leshátt en 158. Þau eru því ekki komin af þeirri uppskrift heldur hafa þau óháð gildi. Það er einnig greinilegt að hvorugt er komið af hinu enda skiptast 123 og 554 á um að hafa upphaflegri lesháttu. Hins vegar hafa þau einnig oft sameiginlegar nýjungar gegn öllum öðrum handritum. Ég hef því sannfærst um að Kálund hafi rétt fyrir sér þar sem hann stillti 123 og 554 upp sem systurhandritum í stemma sínu.

36 Yves Lenzin, *Isländersagas: Verschriftlichung und Politisierung* (Basel: Schwabe, 2021), 177–84.

37 Laxdæla saga öll er 57.467 orð (Örnólfur Thorsson, *Orð aforði*, Reykjavík 1993, bls. 47). Ég hef áætlað orðafjöldann í hverju broti miðað við umfang þeirra. Ekki getur skeikað miklu.



Mynd 1: Stemma fimm handrita sem geyma alla eða næstum alla Laxdæla sögu.

Þriðji flokkur pappírshandrita með textagildi fyrir z-flokkinn eru þau sem hafa blandaðan texta, annars vegar úr Möðruvallabók og hins vegar úr glataðri z-heimild. Þessi handrit eru vandnotuð og meirihluti texta þeirra er úr M. Nánari rannsóknir mun þurfa til að gera grein fyrir gildi þeirra. Miðað við lauslega frumathugun sem ég hef gert á þessu virðist sérstaklega tilefni til að kanna betur handritin Holm. papp. 18 4to, AM 441 4to, ÍB 472 4to og NKS 1214 fol.

Annað atriði sem ég mun ekki greiða úr hér er samband pappírshandrita z-flokksins við skinnbrotin. Það virðist vissulega líklegt að 158 sé komið af C, eins og Kálund taldi. Ef til vill hefur C verið heilt þegar 158 var ritað en vitanlega er erfitt að vera viss um að allur textinn í 158 sé úr C. Enn erfiðara er að segja til um ætterni 123 og 554. Þau gætu einnig verið komin af C, eins og Árni Magnússon hélt fram. Hins vegar má finna í þeim lesháttu með skyldleika við kafla í konungasögum. Hugsanlega eru þau byggð á tveimur heimildum.

Við útgáfu z-textans er eðlilegt að hafa einnig y-handritin í huga enda geta þau hjálpað til við að velja milli leshátta í z-flokknum. Þeir z-leshættir sem y-handritin styðja eru líklegir til að vera upphaflegir. Handritin M og V geyma y-textann í heild, V er yngra en greinilega ekki komið af M. Með

Þetta allt í huga má setja upp ættartré yfir þau fimm handrit sem geyma textann allan eða næstum allan.

## Textafræðileg tilraun

Kålund og sporgöngumenn hans töldu texta pappírshandrita z-flokksins kominn svo langt frá frumtextanum að þau væru vart nothæf til útgáfu. Að einhverju leyti endurspeglar þær hugmyndir viðhorf síns samtíma og ég þykist vita að flestir fræðimenn á seinni tímum myndu nálgast pappírshandritin með jákvæðara hugarfari. Eigi að síður er fjarlægð frá frumtexta sögunnar ekki aðeins spurning um tíðaranda eða fyrir fram gefnar hugmyndir heldur raunverulegt viðfangsefni sem eðlilegt er að textafræðingar reyni að meta.

Vissulega er ekkert handrit Laxdæla sögu varðveitt með eigin hendi höfundarins og við getum aðeins gert okkur mynd af frumtextanum eftir varðveittum heimildum. Þær heimildir eru þó alls ekki slæmar. Í D2 höfum við textabrot frá 13. öld sem allt bendir til að fari nálægt hinum upprunalegasta texta. Enn fremur er munurinn á orðalagi í handritum sögunnar fremur hóflegur. Ég hef hér kosið að tala um y-texta og z-texta en forðast að tala um mismunandi gerðir. Munurinn á helstu handritatextum Laxdæla sögu er minni en í mörgum öðrum sögum, til dæmis Egils sögu, Gísla sögu og Jómsvíkinga sögu þar sem langir kaflar hafa verið umskapaðir.<sup>38</sup> Munurinn líkist fremur því sem við á um Njáls sögu og athyglisvert er að í báðum tilfellum hafa útgefendur töluvert nýtt þá aðferð að velja orðfleiri textann.<sup>39</sup>

En hvaða hugmyndir sem við gerum okkur um hinn glataða frumtexta er að minnsta kosti hægt að bera saman texta þeirra handrita sem við höfum. Spyrja má hversu nálægt handritin séu hvert öðru og hvert þeirra fari næst elsta brotinu D2. Þetta mætti meta á ýmsa vegu. Oft hafa fræðimenn látið duga að gefa einhvers konar huglægt mat byggt á eigin upplifun á textunum sem heild – í þeim anda er ýmislegt af því sem Kålund og Einar Ól. Sveinsson sögðu um handritin. Oft er margt gagnlegt að finna í upplifunum glöggra fræðimanna og ég vil síður en svo vísa slíku á bug. Eigi

38 Sjá t.d. Þórdís Edda Jóhannesdóttir, „Þrjár gerðir *Jómsvíkinga sögu*“, *Gripla* 28 (2017): 73–102.

39 Svanhildur Óskarsdóttir og Emily Lethbridge, „Whose *Njála*? *Njáls saga* editions and textual variance in the oldest manuscripts“, *New Studies in the Manuscript Tradition of *Njáls saga**, 1–28 (Kalamazoo : Medieval Institute Publications).

að síður gætum við haft áhuga á hlutlægum og mælanlegum leiðum til að gera grein fyrir mismun handritatexta.

Ýmsar leiðir eru færar til að mæla muninn á tveimur afbrigðum sama textabúts. Til dæmis væri hægt að gera hefðbundna lesbrigðaskrá og gefa síðan hverju lesbrigði einhvers konar einkunn eftir því hversu mikil frávik er um að ræða frá öðrum textum. Svo mætti leggja einkunnirnar saman með einhverjum hætti til að fá hugmynd um fjarlægð milli texta. Dæmi má finna um slíka nálgun<sup>40</sup> en þetta er ærið tafsamnt og snúið bæði fyrir rannsakandann að framkvæma og fyrir lesendur að átta sig á. Ég hef því kosið handhægari lausn og notast við einfalda vélræna aðferð til að bera textann úr fimm meginhandritum sögunnar saman við textann í brotinu  $D_2$ . Mælikvarðinn sem ég hef notað við þetta nefnist Levenshtein-fjarlægð og ég beiti henni á stigi orða en ekki bókstafa.<sup>41</sup> Með slíkri fjarlægð milli tveggja texta er átt við fjölda þeirra orða sem þarf að breyta, fjarlægja eða bæta við til þess að breyta öðrum textanum í hinn. Ég mun nú sýna þetta með dæmum. Hér er ein setning úr handritunum sex sem ég hef tekið til samanburðar:

D <sub>2</sub> :	Lýkr	<b>nú</b>	Kálfr		upp	einni	mikilli	kistu
158:	Lýkr		Kálfr	<b>nú</b>	upp	einni	mikilli	kistu
123:	Lýkr		Kálfr		upp	einni	mikilli	kistu
554:	Lýkr		Kálfr		upp	einni	<b>stórri</b>	kistu
M:	<b>Kálfr</b>		<b>Lýkr</b>	<b>nú</b>	upp	einni	mikilli	kistu
V:	<b>Kálfr</b>		<b>Lýkr</b>	<b>nú</b>	upp		mikilli	kistu

Fjarlægðin milli M og V er hér 1 því að aðeins þarf að bæta einu orði í V-textann til að fá út M-textann. Til að breyta  $D_2$ -textanum í 158-textann

<sup>40</sup> Linne R. Mooney, Adrian C. Barbrook, Christopher J. Howe og Matthew Spencer, „Stemmatic analysis of Lydgate’s «Kings of England»: a test case for the application of software developed for evolutionary biology to manuscript stemmatics“, *Revue d’Histoire des Textes* 31 (2001): 275–97.

<sup>41</sup> Hin fræga grein Levenshteins um þetta er V.I. Levenshtein, „Binary codes capable of correcting deletions, insertions, and reversals“, *Soviet Physics-Doklady* 10 (1966): 707–10. Mælikvarðinn er víða notaður. Sem dæmi um textafræðilega notkun má nefna Charles D. Bernholz, Brian L. Pytlik Zillig, „Comparing nearly identical treaty texts: A note on the Treaty of Fort Laramie with Sioux, etc., 1851 and Levenshtein’s edit distance metric“, *Literary and Linguistic Computing* 26:1 (2011): 5–16.

þarf hins vegar tvær aðgerðir. Annars vegar þarf að fjarlægja orðið „nú“ á viðeigandi stað og hins vegar að bæta sama orði við á öðrum stað. Í Levenshtein-fjarlægð er engin aðgerð til að færa orð og ekki hægt að spara hér aðgerð með því.<sup>42</sup> Fjarlægðin milli  $D_2$  og 158 er því 2.

Hér er annað dæmi um tilsvarendi setningu í sex handritum:

D2::	Þeim	byrjaði	vel,		váru	skamma	hríð	úti
158::	Þeim	byrjaði	vel,		váru	skamma	hríð	úti
123::	Þeim	byrjaði	vel,		váru	skamma	stund	úti
554::	Þeim	byrjaði	vel,		váru	<b>úti</b>	<b>skamma</b>	<b>stund</b>
M:	Þeim	byrjaði	vel	<b>ok</b>	váru	<b>litla</b>	hríð	úti
V:	Þeim	byrjaði	vel	<b>ok</b>	váru	<b>litla</b>	hríð	úti

Hér er fjarlægðin 2 á milli 123 og 554. Til að breyta 554-textanum í 123-textann þarf annars vegar að eyða orðinu „úti“ og svo að bæta því aftur inn annars staðar en það eru tvær aðgerðir. Þennan stað má einnig nýta sem dæmi um stemmatískt samband handritanna. Systurhandritin 123 og 554 hafa hér sameiginlegu nýjungina „stund“ þar sem önnur handrit hafa „hríð“. Jafnframt hafa y-handritin (M og V) sameiginlegu sérkennin „ok“ og „litla“.

Hægur vandi er að reikna Levenshtein-fjarlægð á sjálfvirkan hátt og til þess hef ég notað forritunarmálið Python með línunum á borð við þessar:

```
import pylev
AM123 = "Þeim byrjaði vel vóru skamma stund úti"
AM554 = "Þeim byrjaði vel vóru úti skamma stund"
AM123 = AM123.split(" ")
AM554 = AM554.split(" ")
print(pylev levenshtein(AM123, AM554))
```

42. Spyrja má hvort ekki sé hægt að gera vélrænan samanburð sem leyfir orðafærslur. Það er vissulega gerlegt og þá væri nærtækast að nota svokallaða Damerau–Levenshtein-fjarlægð en þar er bætt við þeim möguleika að nota eina aðgerð til að víxla á aðliggjandi orðum. Sjá Fred J. Damerau, „A technique for computer detection and correction of spelling errors“, *Communications of the ACM*, 7 (3, 1964): 171–76.

	D <sub>2</sub>	AM 158	AM 123	AM 554	M	V
D <sub>2</sub>	0	96	193	227	196	237
AM 158	96	0	210	238	226	260
AM 123	193	210	0	161	286	301
AM 554	227	238	161	0	307	321
M	196	226	286	307	0	100
V	237	260	301	321	100	0
Summa	949	1030	1151	1254	1115	1219

Tafla 1: Levenshtein-fjarlægð milli samsvarandi textabúta í sex handritum.

Til að þessi mælikvarði nái tilgangi sínum er nauðsynlegt að allir textarnir sem bera á saman hafi sömu stafsetningu. Ég hef hér miðað við þá réttiritun sem notuð er í Íslenskum fornritum. Fyrir utan þessa stöðlun á stafsetningu hef ég notað textana orð fyrir orð eins og þeir eru í handritunum, einnig þegar þar eru augljósar lokleysur. Allir textarnir eru prentaðir hér í lok greinarinnar. Þau handrit sem um ræðir eru auðlæsileg í þessum textahluta, sérstaklega þegar stuðst er við svarthvítar ljósmyndir teknar í Danmörku. Þó er niðurlagið á D<sub>2</sub> nokkuð erfitt viðureignar og hef ég þar stuðst við lestur Kálunds.

Þegar allur textinn á D<sub>2</sub>-blaðinu (771 orð) er borinn saman við samsvarandi texta í hinum handritunum fimm fást fjarlægðartölurnar sem sjást í Töflu 1.

Eins og sést í töflunni er AM 158 fol. það handrit sem hefur texta í minnstri fjarlægð frá elsta broti Laxdæla sögu, D<sub>2</sub>. Hin pappírshandrit z-flokksins, 123 og 554, hafa texta í tvöfalt meiri fjarlægð og svipað er að segja um y-handritin M og V. Athyglisvert er einnig að skoða fjarlægð annarra handrita innbyrðis. Handritið V er í meiri fjarlægð frá öðrum handritum en M og bendir það til þess að V sé lengra komið frá frumtextanum. Með hliðsjón af þekkingu okkar á stemmatísku sambandi handritanna má einnig nota fjarlægðartölurnar eða summu þeirra til að raða handritum z-flokksins upp í eins konar gæðaröð. Þar sem D<sub>2</sub> hefur minnsta fjarlægð til annarra handrita má ætla að það fari næst frumtextanum, þar á eftir fylgir 158, þá 123 og loks 554. Þetta er einnig sú gæðaröð sem Kálund gefur í skyn í sínum rannsóknnum.



Það sem hér eru mest tíðindi í miðað við fullyrðingar fyrri fræðimanna er að það er textinn í 158 sem fer næst 13. aldar brotinu, mun nær en M-textinn gerir. Einar Ól. Sveinsson taldi það „fullyrðandi, að M sé miklu nær frumtextanum en *zpap*“<sup>43</sup> en það virðist síður en svo víst miðað við niðurstöðurnar hér.

Ljóst er að y-handrit Laxdæla sögu eiga breytingar sameiginlegar frá frumtextanum og er skýrasta dæmið að í þeim hefur Bolla þætti verið bætt við söguna. Það er ekki jafn-víst að z-handritin eigi sér öll sameiginlegar villur eða nýjungar og þyrfti sú spurning nánari rannsóknar við.<sup>44</sup> Hugsanlegt er að útgáfa byggð á AM 158 fol. fari nær frumtextanum en útgáfa byggð á Möðruvallabók en hvort sem svo er eða ekki væri vert að koma z-textanum á prent.

Við útgáfu z-textans er einboðið að fylgja skinnbrotunum D<sub>2</sub>, E og C svo langt sem þau ná. Þar sem þau þrýtur er eðlilegt að leggja AM 158 fol. til grundvallar enda hefur það nokkra yfirburði fram yfir hin pappírshandritin. Það er þó einnig vel mögulegt að nota hin handritin, sem varðveita alla söguna, texta 158 til stuðnings. Til að kanna hvernig það mætti gera hef ég útbúið og birt hér fyrir aftan texta sem er byggður á 158 en leiðréttur eftir 123, 554, M og V á kerfisbundinn hátt. Þegar 158-textinn finnst í einhverju hinna handritanna fjögurra hef ég látið hann standa. En þegar 158 hefur einangraðan leshátt og að minnsta kosti þrjú hinna handritanna standa saman um annan leshátt hef ég tekið þann leshátt fram yfir. Í leiðréttu textanum er allt sem vikir frá 158 í orðavali eða orðaröð merkt með stjörnu. Einstaka sinnum fer þessi leiðrétti texti fjær D<sub>2</sub> en hráí 158-textinn gerir en miklu oftar er það að leiðrétti textinn fari nær 13. aldar brotinu. Fjarlægð hráa textans frá D<sub>2</sub> er 96 en fjarlægð leiðréttu textans er 65. Frá sjónarhóli hins klassíska textafræðilega markmiðs að nálgast fornan eða upphaflegan texta er því að öllum líkindum töluvert unnið með þessari aðferð. Jafnframt er leiðrétti textinn laus við nokkrar lokleysur sem hráí textinn hefur enda fá þær ekki stoð af öðrum handritum.

Að lokum verður að gera þann fyrirvara um niðurstöðurnar að þær byggjast aðeins á einum textabút. Það er ekki víst að handritin hafi hliðstætt samband eða textafræðilega fjarlægð gegnum alla söguna. Ég hef þó

43 *Laxdæla saga*, útg. Einar Ól. Sveinsson, lxxx.

44 Kálund (bls. xxxv) taldi að sagan um sverðið Konungsnaut sé upphaflegri í y-flokknum en rök hans eru ekki óyggjandi.

ekki séð neitt hér til stuðnings þeirri hugmynd Guðbrands og Kálunds að það sé „slæmur kafli“ í 158. Sá bútur sem hér er rannsakaður er í þeim hluta 158 sem Guðbrandur virðist hafa talið slæman og hluti hans (fram að orðinu „kviðustaðr“) er í þeim hluta sem Kálund taldi slæman. Þessi meinti slæmi kafli virðist þó allgóður í raun og gefur góða von um árangur af því að leggja 158 til grundvallar útgáfu sögunnar.

Hér fyrir aftan getur að líta útgáfu á sama textabútunum í sex handritum. Þeir leshættir sem eru einkennandi fyrir eitt eða tvö handrit eru skálettraðir, þó ekki alltaf þegar munurinn liggur einungis í orðaröð. Loks er texti 158 birtur í leiðréttri mynd.

Texti D<sub>2</sub>

ok hvarf til Ingibjargar  
ok hofðu menn þat fyrir  
satt at þeim þœtti fyrir at  
skiljask. Gengr nú Kjartan  
í brott ok til konungs ok  
segir honum at hann er  
þá búinn *til* ferðar. Óláfr  
konungr leiddi Kjartan til  
skíps ok fjöldi manns með  
honum. Ok er þeir kómu  
þar sem skipit flaut, ok  
var þá ein bryggja á land,  
þá tók konungr til orða:  
„Hér er sverð, Kjartan, er  
þú skalt þiggja af mér at  
skilnaði okkrum. *Lát þú*  
þér þetta vápn fylgjusamt  
vera þvíat ek vænti þess at  
þú verðir eigi vápndauðr  
ef þú berr þetta sverð.“

Texti AM 158 fol. (hefst í  
línu 19b á blaði 54r)

ok hvarf til Ingibjargar  
ok hofðu menn þat fyrir  
satt at þeim þœtti fyrir í at  
skiljask. Gengr nú Kjartan  
í brott ok til konungs ok  
segir honum at hann er  
þá búinn ferðar sinnar.  
Konungr leiddi Kjartan til  
skíps ok fjöldi manna með  
honum. Ok er þeir kómu  
þar sem skipit flaut, ok var  
þá ein bryggja í landi, þá  
tók konungr til orða: „Hér  
er sverð, G, er þú skalt  
þiggja *at* mér at skilnaði  
okkrum. Láttu þér þetta  
vápn fylgjusamt vera þvíat  
ek vænti þess at þú verðir  
eigi vápndauðr ef þú berr  
þetta sverð.“ Þat var inn

Texti AM 123 fol. (hefst í  
neðstu línu á blaði 24v)

ok hvarf til Ingibjargar.  
Hofðu menn þat fyrir satt  
at þeim þœtti *mikit* fyrir  
því at *skilja*. Gengr Kjartan  
í brott ok á konungs fund  
ok segir honum at hann  
*sé* búinn til ferðar sinnar.  
Óláfr konungr leiddi  
Kjartan til skíps ok fjöldi  
